

## REGLUR

### um merkingar ríkisbifreiða.

#### 1. gr.

Ríkisbifreiðar skulu greinilega auðkenndar með merki, sem Innkaupastofnun ríkisins útvegar, auk merkis samkvæmt 5. gr. á áberandi stað inni í bifreið.

#### 2. gr.

Ríkisstofnun er ekki heimilt að nota eigið merki til þess að auðkenna ríkisbifreið, nema að fengnu samþykki bílanefndar sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 580/1991.

#### 3. gr.

Ef bílanefnd samþykkir að ríkisstofnun noti eigið merki skal það vera a.m.k. 20 sm í þvermál eða á annan hvorn kant. Heiti stofnunar eða skammstöfun skal koma fram og orðið „RÍKISBIFREIÐ“ í eða undir merkinu. Orðið ríkisbifreið skal skráð með lettrinu „HELVETICA medium“, stafir a.m.k. 1,6 sm á hæð og lengd orðs a.m.k. 14 sm. Litur stafa skal skera sig úr grunni merkis eða lit bifreiðar, ef þeir koma beint á bifreið.

#### 4. gr.

Merki skal líma á framhurðir á hvorri hlið bifreiðar, þannig að miðja merkis komi á miðju hurðar og efri brún merkis sé u.þ.b. 5 sm frá neðri brún hliðarrúðu.

#### 5. gr.

Á merki inni í bifreið skal taka upp ákvæði úr 3. gr. reglugerðar nr. 580/1991 um bifreiðamál ríkisins þar sem m.a. komi fram, að einkaafnot starfsmanna séu óheimil.

#### 6. gr.

Bílanefnd getur samþykkt að takmarka merkingar á ríkisbifreiðum, ef nauðsynlegt þykir vegna starfsemi viðkomandi stofnunar.

#### 7. gr.

Reglur þessar eru settar í framhaldi af reglugerð nr. 580/1991 um bifreiðamál ríkisins, sbr. 5. gr. III 4. tl. auglýsingar nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 23. júní 1993.*

**Friðrik Sophusson.**

*Magnús Pétursson.*